

REGLUGERÐ

um styrki vegna sýninga á kvikmyndum á íslensku í kvikmyndahúsum hér á landi.

1. gr.

Almennt.

Reglugerð þessi kveður á um styrki vegna sýninga á kvikmyndum á íslensku í kvikmyndahúsum hér á landi á grundvelli laga nr. 14/2016 um styrki vegna sýninga á kvikmyndum á íslensku í kvikmyndahúsum hér á landi (miðastyrkir).

Styrkir sem veittir eru á grundvelli reglugerðar þessarar falla undir reglugerð framkvæmdastjórnar (ESB) nr. 1407/2013 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart minniháttar aðstoð, sbr. ákvörðun sameiginlegrar EES-nefndar nr. 98/2014 frá 16. maí 2014, sbr. b-lið 1. gr. reglugerðar nr. 1165/2015 um gildistöku reglugerða framkvæmdastjórnarinnar um ríkisaðstoð.

2. gr.

Gildissvið og viðfangsefni.

Heimilt er að greiða sérstaka styrki, miðastyrki, úr ríkissjóði vegna sýninga kvikmynda á íslensku í kvikmyndahúsum hér á landi á árabílinu 2012 til og með 2016.

Til kvikmynda teljast myndrænar frásagnir sem eru að lágmarki 70 mínútur í sýningu.

Með kvikmynd á íslensku er átt við að frumútgáfa kvikmyndar sem sýnd hefur verið í kvikmyndahúsi hér á landi sé með íslensku tali. Þar er vísað til þess að meira en helmingur talmáls sé á íslensku. Kvikmyndir sem eru talsettar eða textaðar á íslensku fyrir sýningar í íslenskum kvikmyndahúsum teljast því ekki vera á íslensku í samhengi þessarar reglugerðar.

Miðastyrkir eru ekki greiddir vegna sjónvarpsþátta sem teknir eru til sýninga í kvikmyndahúsum.

3. gr.

Hverjir geta sótt um miðastyrk.

Umsókn um miðastyrk vegna kvikmyndar skal vera í nafni framleiðslufyrirtækis sem bar ábyrgð á gerð og fjármögnun hennar. Sé um samframleiðsluverkefni að ræða skal umsókn lögð fram í nafni aðalframleiðanda, eða aðila sem hann veitir til þess umboð.

Framleiðslufyrirtækið skal hafa staðfestu á Íslandi eða í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu.

4. gr.

Fjárhæð miðastyrks.

Miðastyrkir eru reiknaðir út á ársgrundvelli. Hámarksfjárhæð samanlagðra miðastyrkja skal ekki vera hærri en fjárheimild samkvæmt fjárlögum hvers árs á tímabilinu 2012 til 2016.

Miðastyrkur til hvernar kvikmyndar skal miða við sama hlutfall af fjárheimild ársins og nam hlutfalli sölutekna viðkomandi kvikmyndar af heildarsölutekjum kvikmynda á íslensku í innlendum kvikmyndahúsum á því ári.

Hámarksfjárhæð miðastyrks skal taka mið af því að heildarríkisstyrkir til hvernar kvikmyndar nemi ekki hærri fjárhæð en 85% af framleiðslukostnaði sem vísað er til í 6. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 43/1999 um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.

Hámarksfjárhæð miðastyrks skal taka mið af reglum um minniháttar aðstoð, sbr. 1. gr. Miðastyrkur til framleiðslufyrirtækis hvernar kvikmyndar skal falla innan þeirra marka að framleiðslufyrirtæki kvikmyndarinnar hafi ekki notið minniháttar styrkja umfram 200 þúsund evrur á næstliðnum tveimur árum og yfirstandandi reikningsári. Við umreikning yfir í íslenskar krónur skal miða við gengi sem ESA gefur út og birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins og á vef stofnunarinnar.

5. gr.

Efniskröfur til umsókna og umsóknargögn.

Umsækjandi skal staðfesta að hann sé framleiðandi kvikmyndar, að hann hafi borið ábyrgð á gerð hennar og fjármögnun. Hann skal staðfesta að hann hafi staðfestu á Íslandi eða Evrópska efnahagssvæðinu, að umsókn sé vegna sýninga á kvikmynd á íslensku og að frumgerð kvikmyndarinnar sé með íslensku tali.

Þá skal umsókn um miðastyrki að lágmarki innihalda eftirtaldar upplýsingar:

- a. Yfirlit yfir tekjur af sölu aðgöngumiða kvikmyndar á almennum sýningum hjá innlendum kvikmyndahúsum, með sundurliðun fyrir hvert ár sem kvikmyndin var sýnd.
- b. Kostnaðaruppgjör kvikmyndar, staðfest af endurskoðanda eða stjórn framleiðslufélags sem staðfestir heildarframleiðslukostnað kvikmyndar.
- c. Upplýsingar um styrki sem aflað var vegna framleiðslu kvikmyndarinnar frá opinberum aðilum, auk yfirlýsingar framleiðanda um hvort fjárhæð styrkja sem falla undir reglur um minniháttar styrki á síðustu þremur árum nemi hærri fjárhæð en jafnvirði 200 þúsund evra.

Umsækjandi ber ábyrgð á réttmæti umsóknargagna, þau séu áreiðanleg og staðfesti án vafa fjárhæð tekna af sýningum í innlendum kvikmyndahúsum, heildarframleiðslukostnað við gerð kvikmyndarinnar og styrki sem opinberir aðilar hafa veitt við gerð kvikmyndarinnar.

6. gr.

Meðferð og umsýsla umsókna.

Kvikmyndamiðstöð Íslands tekur á móti umsóknum, leggur mat á umsóknir og greiðslu styrkja, auk þess að gefa út leiðbeiningar og skilgreina nánar kröfur sem gerðar eru til umsóknargagna.

Umsóknarfrestur vegna miðastyrkja vegna liðinna rekstrarára, þ.e. vegna árána 2012 til 2015 er til 1. september 2016. Umsóknarfrestur vegna ársins 2016 er til 1. júlí 2017. Sækja skal um miðastyrk þegar sýningu kvikmyndar er lokið. Miðastyrkir vegna ársins 2016 taka þó einvörðungu mið af tekjum af seldum miðum sem myndast á því ári, þó kvikmyndin sé sýnd fram á árið 2017 og skapi tekjur á því ári.

Kvikmyndamiðstöð Íslands er heimilt að óska viðbótargagna úr bókhaldi framleiðslufélags til staðfestingar á sölutekjum og öðrum rekstrarstærðum sem gefnar eru upp í umsóknargögnum. Við mat á tekjum af sölu aðgöngumiða í innlendum kvikmyndahúsum skal Kvikmyndamiðstöð líta til skráningar í gagnagrunn Samtaka rétthafa í sjónvarps- og kvikmyndaiðnaði.

Heimilt er að senda umsóknargögn vegna miðastyrkja með rafrænum hætti skv. nánari útlistun Kvikmyndamiðstöðvar Íslands til umsóknargagna.

Hafi umsækjandi þegar skilað inn viðeigandi gögnum til Kvikmyndamiðstöðvar Íslands vegna sama kvikmyndaverks á grundvelli kvikmyndalaga, nr. 137/2001 eða laga um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi nr. 43/1999, þarf umsækjandi ekki að skila inn sömu umsóknargögnum á ný en getur gefið Kvikmyndamiðstöð heimild til að nýta gögn sem þegar hafa verið lögð fram. Hér er vísað til staðfesta ársreikninga framleiðslufélaga kvikmynda, eða annarra gagna eftir því sem við á.

7. gr.

Forsendur greiðslu miðastyrks og endurgreiðslu.

Endurkrefja ber miðastyrk ef í ljós kemur að styrkþegi hefur vísvitandi veitt rangar eða villandi upplýsingar eða leynt upplýsingum sem hafa áhrif á veitingu og fjárhæð miðastyrks.

Komi í ljós að fjárhæð miðastyrks er umfram það hámark sem kveðið er á um í 4. gr. skal endurkrefja styrkþega um miðastyrkinn í heild.

Áður en Kvikmyndamiðstöð tekur ákvörðun um að endurkrefja styrk skv. 2. og 3. mgr. skal styrkþega tilkynnt um að mál hans sé til athugunar og honum gefinn kostur á að senda gögn og skýringar vegna málsins. Um meðferð endurkröfumáls gilda ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993, m.a. um afturköllun stjórnvaldsákvörðunar, andmælarétt, birtingu ákvörðunar og kæruleiðbeiningar.

8. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett á grundvelli 2. mgr. 5. gr. laga nr. 14/2016 um styrki vegna sýninga á kvikmyndum á íslensku í kvikmyndahúsum hér á landi (miðastyrkir), með hliðsjón af reglugerð nr. 1165/2015 um gildistöku reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (ESB) um ríkisaðstoð, og öðlast þegar gildi.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 3. maí 2016.

Illugi Gunnarsson.

Ásta Magnúsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 30. maí 2016